

39. fundur stjórnar Byggðasamlags Tónlistarskóla A-Hún var haldinn þriðjudaginn 23. janúar 2018, að Húnabraut 26, Blönduósi, klukkan 17:00

Mætt voru: Anna Margret Sigurðardóttir, Róbert Kristjánsson, Jóhanna Magnúsdóttir, Helga Ingimarsdóttir, Einar Kristján Jónsson, framkvæmdastjóri og Skarphéðinn Einarsson, skólastjóri.

Anna Margret Sigurðardóttir, formaður stjórnar setti fundinn og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Uppgjör Tónlistarskóla A-Hún til A deildar Brúar lífeyrissjóðs vegna breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997

Gengið var til dagskrár:

Dagskrá:

1. Uppgjör Tónlistarskóla A-Hún til A deildar Brúar lífeyrissjóðs vegna breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997

a. Þann 19. september 2016 gerðu Bandalag háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs og Samband íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, með sér samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Markmið samkomulagsins var að samræma lífeyrisréttindi á almennum og opinberum vinnumarkaði. Samhliða þessu samkomulagi gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Skv. 8. gr. samningsins var samningurinn gerður með fyrirvara um að hann skyldi öðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum við samþykkt viðkomandi sveitarstjórna á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar. Lög nr. 127/2016 um breytingu á lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins byggðu að meginstefnu til á fyrrgreindu samkomulagi aðila.

- i. Framlagt samkomulag felur í sér að Tónlistaskóli A-Hún, skuldbindur sig að greiða 4.615.635 kr. framlag í jafnvægisjóð A-deildar Brúar, 12.520.667 kr. framlag í lífeyrisaukasjóð A-deildar Brúar og 1.347.011 kr. framlag í varúðarsjóð A-deildar Brúar. Samtals eru þetta framlög að upphæð kr. 18.483.312.

a. Stjórn Tónlistaskóla A-Hún samþykkir fyrirbyggjandi samkomulag um uppgjör við Brú lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga og að kröfur sjóðsins verði greiddar á eindaga.

b. Jafnframt samþykkir stjórnin að skuld Tónlistarskólans við A-deild Brúar, verði dreift á aðildarsveitarfélög skólans skv. kostnaðarskiptingu fyrir árið 2018.

c. Skipting á milli sveitarfélaga er með eftirfarandi hætti:

Útreiknað framlag sveitarfélaga vegna skuldaTónlistarskóla A-Hún við Brú lífeyrissjóð árið 2018.

Miðað er við íbúafjölda 1. desember 2016.

Framlag sveitarfélaga

18.483.312

	Íbúafjöldi gildir 40%	Hlutfall 40%	Kennsluhlutfall nemenda 2017 gildir 60%	Hlutfall 60%	Samtals skipting:	Mánaðarleg innheimta:
Húnavatnshreppur	403	1.596.736	21,0	2.587.664	4.184.400	348.700
Blönduósþær	865	3.427.238	36,0	4.435.995	7.863.233	655.269
Skagatrönd	489	1.937.479	26,0	3.203.774	5.141.253	428.438
Skagabyggð	109	431.872	7,0	862.555	1.294.426	107.869
	1.866	7.393.325	90,0	11.089.987	18.483.312	1.540.276

Fleira ekki gert,

fundi slitið kl. 17:35

Fundargerð ritaði Einar Kristján Jónsson

Anna Margret Sigurðardóttir

Jóhanna Magnúsdóttir

Róbert Kristjánsson

Helga Ingimarsdóttir

Einar Kristján Jónsson

Skarphéðinn Einarsson